

Sp.

149. Tillaga til þingsályktunar

[111. mál]

um verðlaun til afreksmanna við framleiðslustörf.

Flm.: Karl Kristjánsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um verðlaunaveitingar til afreksmanna við framleiðslustörf.

Greinargerð.

Í þessari tillögu er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa löggjöf um verðlaun til þeirra manna, er vinna sérstök afrek við framleiðslustörf, þ. e. landbúnað, sjávarútveg og iðnað, og leggja fyrir næsta þing lagafrumvarp um þetta efni. Er svo til ætlað, að með slíkri lagasetningu verði ákveðið að verðlauna á einhvern viðeigandi hátt þá menn, sem eru sérstaklega afkastamiklir og vandvirkir við störf, og einnig hugvitsmenn, er finna nýjar og hagkvæmar vinnuaðferðir, sem miða að því að bæta vöru þá, sem framleidd er, auka afköstin eða minnka kostnaðinn við framleiðsluna og hafa þannig hagnýta þýðingu fyrir atvinnuvegina.

Hér eiga þeir að koma jafnt til greina, sem vinna við eigin atvinnurekstur, og hinir, sem ganga að verki í annarra þjónustu. Slík verðlaun ætti t. d. að veita:

1) Bændum og öðrum, sem eru sérstaklega mikilvirkir og vandvirkir við ræktun jarðar og uppskera jarðargróða, eða eru öðrum fremri við búpeningsrækt og hirðingu búfjár.

2) Útvegsmönnum og sjómönnum, sem vegna atorku og aflasældar, góðrar meðferðar skipa og veiðarfæra og hagkvæmra vinnuaðferða ná óvenjulega góðri rekstrarútkomu við fiskveiðar. Einnig þeim, er skara fram úr að dugnaði og vandvirkni við sjómannsstörf og verkun sjávarafila.

3) Iðnaðarmönnum og öðrum, er vegna dugnaðar og hagsýni ná sérstaklega góðum árangri við framleiðslu á nauðsynlegum iðnaðarvörum og við byggingarstarfsemi.

Hér er að sjálfsögðu ekki tæmandi upptalning á því, sem telja mætti verðlaunavert, en dæmin nefnd til nánari skýringar á því, að hverju er stefnt með tillögunni.

Við undirbúning löggjafarinnar þarf m. a. að athuga, með hverjum hætti ætti að heiðra eða verðlauna þá menn, sem hljóta viðurkenningu samkvæmt lögunum. Kemur þar til álita, hvort veita skuli peningaverðlaun, verðlaunagripni eða heiðursmerki; enn fremur hverjum eigi að fela úthlutun verðlauna. Vel getur komið til mála að leita eftir tillögum frá félögum og einstökum mönnum um þessi og fleiri atriði, sem koma til álita og ákvörðunar við samningu frumvarpsins.

Í lögunum ætti að mæla svo fyrir, að ýtarlegar fréttir af verðlaunaveitingum og afrekom þeirra, er verðlaun hljóta, skuli birta opinberlega, t. d. í ríkisútvarpinu. Það er nú mjög tíðkað að útvarpa frásögnum af íþróttafrekom. Ekki skal það lastað, að íþróttamanna sé getið, en sízt er minni ástæða til að skýra frá óvenjulegum afrekom manna, er vinna að framleiðslustörfum á sjó og landi, því að á þeirri starfsemi byggist efnaleg afkoma allrar þjóðarinnar.

Íslendingum er lífsnauðsyn að auka framleiðslu sína. Með aukinni framleiðslu vaxa þjóðartekjurnar og skilyrði til almennrar hagsældar. Er sannarlega tímaþætt, að þjóðfélagið heiðri þá menn, karla og konur, sem sýna yfirburði í verklegri menningu á sviði framleiðslunnar, og kynni afrek þeirra öðrum til fyrirmyndar og hvatningar.